

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 182/2021, um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsporski árið 2021 innan efnahagslögsögu Rússlands.

1. gr.

Við 9. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Áætli skip komu til hafnar samningsaðila NEAFC með afla af samningssvæði NEAFC, hvort heldur til löndunar, umskipunar eða til að leita þjónustu að öðru leyti, skal tilkynna þar til bæru yfirvaldi í viðkomandi ríki um komu skips til hafnar innan tiltekins frests sem ákveðinn er af hafnar-ríkinu í samræmi við reglur NEAFC um hafnarrikisefirlit og framkvæmd þess.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. apríl 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.